

sem unnið er að byggingunni í Reykjavík, og sendið hingað, svo fljótt sem verða má, skýrslu um, hve mikið sè borgað í hvert skipti.

1872.  
18. maí.

### 56. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um nafnbótaskatt.

23. maí.

Við endurskoðun jarðabókarsjóðs -reikningsins fyrir 1870-71 eru þær athugasemdir gjörðar, að á því ári hafi ekki verið heimt-  
aður af yður nafnbótaskattur, sem þér eigið að greiða sem biskup  
yfir Íslandi, og að þér eigið að borga nafnbótaskatt eptir því, sem  
heyrir 3. flokki, 9. stigi, sökum þess að það, sem fyrir er mælt  
í lögum 26. marz 1870, 13. gr., að eigi skuli borga skatt af þeirri  
nafnbótartign, sem sè samfara einhverju embætti, nái ekki til em-  
bættismanna í andlegri stétt. Útaf þessu hafið þér í bréfi til  
dómsmálastjórnarinnar, dagsettu 2. janúarm. þ. á., sem hún hefir  
sent hingað, borið upp fyrir stjórnarráðinu, hvort þér í stöðu yðar  
sem biskup værið undanþeginn því, að gjalda skatt af nafnbótartign  
þeirri, sem fylgir biskupsembættinu, eða ekki, og hafið þér jafn-  
framt tilgreint þær ástæður, er þér þykist hafa til að vera laus  
við þetta gjald.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að  
stjórnarráðið getur ekki sèð, að tæð lagaboð veiti yður nokkra  
undanþágu undan því, að greiða nafnbótaskatt eins og hingað til,  
jafnt og aðrir biskupar í ríkinu.